

andi, og biður um frestun á málinu til þess tíma, með því að hann þurfi að leiða vitni um það meðal annars, að skuldabréfseiganda, er bréfið hefir eignast með framsali, hafi verið kunnugt um, að framseljandi hafi veitt skuldunaut gjaldfrest. Þegar af þessari ástæðu þykir verða að veita hinn umbeðna frest til septembermánaðar 1934.

Því úrskurðast:

Málinu skal frestað til septembermánaðar 1934.

Miðvikudaginn 13. júní 1934.

Nr. 138/1933. Óskar Bjarnasen og Filippus Árnason

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Stefáni Guðlaugssyni, Runólfi Runólfssyni, Einari Símonarsyni og Valgerði Sigurðardóttur

(Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking.

Dómur sjóréttar Vestmannaeyja 4. nóv. 1933: Stefndu, Stefán Guðlaugsson, Runólfur Runólfsson, Einar Símonarson og Valgerður Sigurðardóttir, eiga að vera sýkn af kröfum stefnenda í málinu, um björgunarlaun og sjóveð í v.b. Halkion V.E. 205. Kostnað málsins greiði stefndu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, til stefnenda með 200 krónum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur krefjast þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða þeim in solidum kr. 10037.00

með 6% ársvöxtum frá 3. febr. 1933 til greiðsludags, að þeim verði dæmdur sjóveðréttur í v/b „Halkion“, V.E. 205, og að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Hinir stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjendum in solidum.

Eigendur báta þeirra beggja, er í máli þessu greinir, hafa tryggt þá að $\frac{1}{4}$ hlutum í Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, sem er gagnkvæmt vátryggingarfélag. Með því að tryggja báta sína í félagi þessu, hafa þeir gengizt undir lög félagsins, þar á meðal 15. gr. þeirra og gerir það í þessu efni engan mun þótt bátur áfrýjenda væri tekinn af þriðja manni til að forða tjóni á öðrum bátum, sem tryggðir voru í félaginu, þar á meðal báti hinna stefndu. Með því að stjórn félagsins hefir eigi ákveðið borgun samkvæmt 15. gr. félagslaganna fyrir hjálp þessa áður en málið var tekið til dóms í héraði, þá brast óhjákvæmilegt skilyrði til að leggja dóm á kröfur áfrýjenda, og verður því ex officio að ómerkja málsmeðferðina og dóminn og vísa málinu frá sjóréttinum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð á að vera ómerkur og visast málinu frá sjóréttinum. Áfrýjendur, Óskar Bjarnasen og Filippus Árnason, greiði in solidum hinum stefndu, Stefáni Guðlaugssyni, Runólfi Runólfssyni,

Einari Simonarsyni og Valgerði Sigurðardóttur, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómurinn samhljóða dómabókinni.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hafa höfðað þeir Óskar Bjarnasen, Arnarstapa, og Filippus Árnason, Kalmanstjörn, báðir hér, sem eigendur v.b. „Brimils“ V.E. 278, gegn eigendum v.b. „Halkion“ V.E. 205, þeim Stefáni Guðlaugssyni, Gerði. Runólfi Runólfssyni, Bræðratungu, Einari Simonarsyni, London og Valgerði Sigurðardóttur, Miðey, öllum hér. til greiðslu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt á björgunarlaunum, kr. 10.000.00 og kr. 37.00 af tjóni, sem nefndur bátur varð fyrir. Svo krefjast þeir einnig 6% ársvaxta af nefndum upphæðum frá 3. febrúar þ. á. til greiðsludags og að fá tildæmt sjóveð í v.b. Halkion V.E. 205 til tryggingar öllum kröfum sínum.

Stefndu létu mæta í málinu, mótmæltu hinum gerðu réttarkröfum og kröfðust sýknunar og málskostnaðargreiðslu.

Sáttatilaun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 14. janúar var mikið ofviðri hér í Vestmannaeyjum með eljagangi, sem orsakaði brim og allmikil sog á höfninni, þar sem v.b. Halkion lá ásamt öðrum bátum og skipum. Var meðal þeirra eimskipið Örn. Losnaði það af völdum óveðursins frá Básaskersbryggju, þar sem það hafði legið, og rakst á v.b. Halkion. Lenti báturinn undir framkeðju skipsins og var nokkuð brotinn þegar James White, háseti á Brimli, kom til hjálpar Halkion á Brimli ásamt tveim öðrum mönnum og drógu hann upp að bryggju. Telja stefnendur að þeir eigi heimtingu á björgunarlaunum fyrir þetta, eftir ákvæðum siglingalaganna, en þessu mótmæla stefndu og eru mótmæli þeirra meðal annars byggð á því, að í lögum Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, sem báðir þessir bátar eru tryggðir hjá, sé gert ráð fyrir því, að þegar slíkir bátar veita hvor öðrum

einhverja aðstoð, þá sé það félagsstjórnarinnar að ákveða þóknun fyrir þá aðstoð, sem hefir verið látin í té. Til stuðnings þessu vitna þeir í 15 gr. nefndra laga, sem lögð hafa verið fram í málinu. Er þar mælt svo fyrir: „Skal hver bátur, sem váttryggður er í félaginu, og verður þess áskynja, að bátur þurfi hjálpar við, skyldugur að láta hana í té, ef þess er kostur. Sé krafizt borgunar hjá félaginu fyrir hjálpina, skal hún ákveðin af félagsstjórninni“. Hinsvegar mótmæla stefnendur, að þessi grein geti átt við hér, því að Bataabyrgðarfélaginu sé alls ekki stefnt og engar kröfur gerðar til þess, enda þótt þeir viðurkenni að stefndu muni á eftir eiga tilkall til greiðslu frá Bataabyrgðarfélaginu á því, sem þeir kynnu að verða dæmdir til þess að greiða stefndu.

Rétturinn verður að líta svo á, að enda þótt greinin eigi eftir orðalagi sínu, aðeins við þegar krafizt er borgunar hjá félaginu, þá felist í þessu öll þau tilfelli, þegar borgunar er hægt að krefjast hjá félaginu, samkv. almennum lögum, fyrir þá hjálp, sem greinin ræðir um. Að öðrum kosti væri algjörlega þýðingarlaust það ákvæði, að félagsstjórnin hefði vald til þess, að ákveða borgunina, sem er þó mjög mikils virði fyrir félagið, til þess að draga úr áhættu þess og vitanlega nauðsynlegt ekki fésterkari stofnun. Gæti hver félagsmaður annars auðveldlega farið í kringum þetta ákvæði með því að beina kröfum sínum til þeirra, sem svo verða aftur að leita greiðslu hjá félaginu. Verður einnig að telja það vitanlegt, öllum hér í Vestmannaeyjum, þeim, er tryggja og hafa tryggt hjá félaginu, að þessum skilningi 15. gr. laga þess, sem hér hefir verið slegið föstum hefir ávallt verið fylgt í framkvæmdinni og ágreiningslaust frá stofnun þess og þangað til þetta mál var höfðað. Það verður því að álita að hver félagsmaður — í þessu tilfelli stefnendur í máli þessu — hafi gengið út frá þessum skilningi eða orðið að ganga út frá honum þegar þeir tryggðu bát sinn í félaginu. Á þetta bendir einnig bréf stefnenda til Bataabyrgðarfélagsins, dags. 21. jan. þ. á., um greiðslu fyrir aðstoð Brimils og að þeim hafi a. m. k. verið kunn þessi venja og hafi jafnvel í upphafi ætlað að fylgja henni. Þá þykir rétt að geta þess, að þar eð 233. gr. siglingalaganna frá 30. nóv. 1914 ekki takmarkar skuldbindingarrétt eigenda skipa eða

báta, sem veita aðstoð við björgun, um borgunina, þá verða þau ákvæði ekki til fyrirstöðu skuldbindingum þeirra, samkv. lögum Bataabyrgðarfélagssins og er 15. gr. því skuldbindandi fyrir þá. En það virðast stefnendur véfengja.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að stjórn Bataabyrgðarfélagss Vestmannaeyja eigi að ákveða borgun fyrir hjálp þá, er báturinn Brimill veitti umrætt sinn, og þar eð sú ákvörðun ekki liggur fyrir í málinu, verður þegar af þeirri ástæðu, að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Stefnendur hafa mótmælt því, að stefndu, sem ekki mættu sjálfir við sáttaumleitun í málinu, hafi haft lögleg forföll. Umboðsmaður stefndu staðhæfir hinsvegar, að svo hafi verið og hefir lagt fram, því til stuðnings, innleggsnótur, sem sýna að báturinn Halkion hafi verið á sjó þann dag. En gegn mótmælum stefnenda verður þetta ekki talin lögfull sönnun, þegar af þeirri ástæðu, að það er ósannað mál (og enda ekki líklegt að því, er kemur til konu þeirrar sem stefnt er), að stefndu hafi sjálfir verið á sjó þennan dag, enda þótt bátur þeirra væri á sjó. Það verður því að taka til greina kröfur stefnenda til málskostnaðargreiðslu og ákveðst hún, eftir atvikum, kr. 200.

Föstudaginn 15. júní 1934.

Nr. 30/1934. **Eggert Claessen, f. h. Vilhjálms og Skúla Skúlasona, vegna dánarbús Ragnhildar Sigurðardóttur**

(Eggert Claessen)

gegn

bæjargjaldkera Ísafjarðar, f. h. bæjarsjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógataréttar Ísafjarðar 25. sept. 1933: Hin umbeðna lögtaksbeiðni á fram að fara.